

Greiðslur í eða úr sjóðnum verði 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. febrúar 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

2. mars 1981.

Nr. 135.

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. maí 1981:

### Vélskelflett rækja:

#### Færri en 350 stk. í lb.:

|  | SDR pr. lb. cif. |
|--|------------------|
| Blokkfryst .....                                 | 2,78             |
| 5x2 kg. og 4x2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....  | 2,78             |
| 5x2 kg. og 4x2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst ..... | 2,92             |
| 500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....               | 3,23             |
| 200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....               | 3,39             |

#### Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

|  |      |
|--|------|
| Blokkfryst .....                                 | 2,65 |
| 5x2 kg. og 4x2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst .....  | 2,65 |
| 5x2 kg. og 4x2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst ..... | 2,78 |
| 500 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....               | 3,08 |
| 200 gr. vatnshúðuð, sérfryst .....               | 3,23 |

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1981.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*